



Njarðvíkurskriður - Njarðvík Screes



AUSTURLAND
EAST ICELAND

Þjóðleiðin um Njarðvíkurskriður

Samgöngur á landi til og frá Borgarfirði eystri hafa löngum verið erfðar einkum vegna erfðra skilyrða til vegagerðar og hættulegrar leiðar með sjó fram. Frá fornu fari lá aðalleiðin frá Héraði út með Selfljóti að Krosshöfða og þaðan yfir Gönguskarð til Njarðvíkur og síðan um Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.

Njarðvíkurskriður voru áður fyrr afar erfðar yfirferðar, einkum á veturnum vegna snjóflóðahættu og hættu á aurskriðum í stórrigningum. Við slíkar aðstæður gátu vegfarendur verið þar í lífshættu. Í skriðunum eru þverhniptir klettur með sjónum en ofan við þá brattar lausaskriður, sundurgrafnar af giljum.

Gamla reiðleiðin mun hafa legið talsvert neðar en núverandi vegur með mörgum bugðum bæði upp og niður og sums staðar niður undir klettanafir. Þetta var aðeins mjó reiðgata og ef mönnum eða hestum skrikandi fótur á svelli eða harðfenni eða þeir lentu í snjóflóði var þeim voðinn vís.

Ætla má að fyrr á öldum hafi einhver banaslys orðið í Njarðvíkurskriðum umfram þau sem heimildir greina frá, en vitad er um sex menn sem hér hafa farist. Síðasta banaslysið í skriðunum varð 9. desember 1909, er tveir menn fórust í snjóflóði, en þriðji maðurinn, sem var spölkorn á eftir félögum sínum þegar snjóflóðið féll, slapp heill á húfi. Einnig eru varðveittar heimildir um að hestar vegfarenda hafi hrpað hér og sauðfé sömuleiðis.

Akfær bílvegur frá Egilsstöðum um Vatnsskarð til Borgarfjarðar var opnaður 1954, en vegur um skriðurnar var ruddur fjórum árum fyrr. Var vegurinn þá færður talsvert ofar í skriðurnar en gamli reiðvegurinn sem fyrr getur.

Nýi vegurinn var í fyrstu mjór og lítið pláss til að mætast en hann hefur smám saman verið breikkaður til mikilla muna. Bundið slitlag var lagt á veginn árið 2019.

Krossinn og óvætturinn Naddi

Krossinn í skriðunum með latneskri áletrun og ártalinu 1306 hefur lengi verið mönnum ráðgáta. Hefur margt verið skrifað um krossinn og ýmsar skoðanir komið fram um aldur hans og tilefni þess að hann var settur upp og alltaf endurnýjaður. Þjóðsagan um óvættinn Nadda tengist skriðunum og krossinum, sem stundum var kallaður Naddakross samanber þessa gömlu vísu:

*Nú er fallinn Naddakross,
Nú er fátt er styður oss,
en – þú helgi klerkakraftur
krossinn láttu rísa upp aftur.*

Þjóðsagan um óvættinn Nadda er til í fleiri en einni útgáfu. Sagan segir að á dögum niðja Björns skafins hafi að mestu lagst af þjóðleiðin um Njarðvíkurskriður vegna óvættar. Var hann að hálfu í mannlíki en að hálfu í líki dýrs og hélt sig í gili sem síðan er kallað Naddagil. Sat óvættur þessi þar fyrir mönnum, einkum er dimma tók, réðist á þá og drap marga.

Segir sagan að um haust og vetur hafi heyrst heim að Njarðvík eins og eitthvað væri að nadda og glamra á grjótinu í skriðunum, og þess vegna hafi menn kallað óvætt þennan Nadda. Eitt sinn síðla hausta er sagt að Jón sonur Björns skafins hafi komið að Snotrunesi í Borgarfirði seint um kvöld og ætlað til Njarðvíkur. Bað heimilisfólkið hann að leggja ekki svo seint í ferð yfir skriðurnar. Hann vildi þó ekki breyta ætlan sinni, kvað sig ekki myndi saka og hélt sína leið. Er hann kemur að fyrrnefndu gili réðist óvætturinn á hann. Urðu átök þeirra bæði hörð og löng. Bárust þau á jaðar þann er Krossjaðar heitir. Þar sleit óvætturinn sig lausan og dragnaðist niður í sjó, en Jón komst til Njarðvíkur þjakaður mjög. Þar var síðar settur upp kross sem er þar enn.


Á krossinum er eftirfarandi áletrun á latínu:

**EFFIGIEM CHRISTI QUI TRANSIS
PRONUS HONORA: ANNO MCCCVI.**

*þú sem framhjá fer, fram fall í þessum reit og Kristí
ímynd hér, auðmjúkur lotning veit: anno 1306.*

Þessi áletrun er víða þekkt og mun vera upphaf á ævafornu latnesku kvæði, sem er að finna í bréfabók Gregoríusar páfa mikla (540-604). Stór röðukross með þessari áletrun var lengi í dómkirkjunni í Skálholti.

Greinilegt misræmi er milli ártalsins 1306 og sögunnar um Jón þann Björnsson er átti að hafa glímt við Nadda. Jón þessi var uppi nálægt siðaskiptum eða á fyrri hluta 16. aldar og munar þar 200 til 250 árum. Ef ártalið á krossinum væri rétt eða nærri lagi hefði krossinn verið settur upp í kaþólskum sið en ekkert verður fullyrt um aldur hans eða tilgang. Krossinn sem nú stendur við veginn var smíðaður af Árna Bóassyni frá Njarðvík árið 2011.



Helstu örnefni í Njarðvíkurskriðum



Skömmu eftir að vegurinn var ruddur



Ari Arnalds sýslumaður á ferð ásamt förunefti árið 1925



Krossinn sem var endurnýjaður árið 1954

www.borgarfjordureystri.is
#borgarfjordureystri
@visit.borgarfjordur.eystri

Borgarfjarðarhreppur 2020

Texti: Guðgeir Ingvarsson, Þýðing: Ingunn Snædal

Uppsetning & hönnun: Hafþór Snjólfur Helgason landfræðingur & margmiðlunarhönnuður.

The road along the Njarðvík Screes

Transport on land to and from Borgarfjörður has long been troublesome, mostly on account of the area being difficult for roadbuilding, and also because of the dangerous passage along the shore.

Njarðvíkurskriður were considered extremely dangerous, especially in the winter, because of avalanches and, when raining heavily, mudslides. In such conditions, travellers in the area were putting their lives on the line. The screes hold sheer cliff drops down to the sea and above them steep slopes of mudslides, riddled with gullies.

The old horse track was significantly lower than the present road, winding, steep and treacherous, sometimes veering beneath the overhanging cliffs. This was a narrow track and if man or horse lost their footing on the ice or got caught in an avalanche, chances of survival were slim.

It must be assumed that more fatal accidents took place in Njarðvíkurskriður than evidence can be found of in documentation. Six fatalities are known, the last one on December 9 1909 when two men got caught in an avalanche but their partner who lagged behind them escaped unharmed. Old documents also tell of horses and sheep falling to their deaths in the screes.

The road to Egilsstaðir from Borgarfjörður over the pass at Vatnsskarð was opened in 1954, but few years earlier in 1950 a road passable for cars along the Njarðvíkurskriður was opened, significantly higher up in the screes than the previously mentioned horse track. This new road was narrow at first with little room to pass other cars but has gradually been widened to a great extent and is now better and safer than ever before. Most recent road construction was in the year 2019.

The cross and the monster Naddi

Mystery surrounds the cross in Njarðvíkurskriður, bearing a Latin inscription and the date 1306. Many have written about this cross and speculated about its age and why it was erected in the first place and then constantly renewed.

The folk tale of the monster Naddi is connected to Njarðvíkurskriður and the cross, which is sometimes called Naddakross as shown in this old four line stanza:

*The cross of Naddi is a fallen tower
Our lives are lacking protection
but god's sacred power
will ensure its resurrection.*

More than one version exists of the folk tale of Naddi. Legend has it that in the time of the family of Björn skafinn, the road along Njarðvíkurskriður became almost impassable because of a monster which had the lower body of a man and upper body of a beast and lived in a gully since named Naddagil. This monster ambushed travellers, especially after dark, attacked them and killed many.

It is told that in the dark seasons, autumn and winter, people in Njarðvík could hear pecking (icel. að nadda = to peck) on the rocks in the screes and therefore named the monster Naddi. Late one autumn evening a man named Jón Björnsson arrived at a farm in Borgarfjörður, on his way to Njarðvík. The people on the farm begged him not to cross Njarðvíkurskriður so late. He was reluctant to change his travel plans and claimed he would come to no harm and off he went. When he came to the aforementioned gully, Naddagil, the monster attacked him. The fight was long and fierce and carried over to a place now called Krossjaðar. There the monster escaped Jón and dragged itself into the sea but Jón got to Njarðvík, although heavily injured. The cross was erected to mark the spot and still stands there. On it is written in Latin:

**EFFIGIEM CHRISTI QUI TRANSIS
PRONUS HONORA: ANNO MCCCVI.
Bow down and revere this effigy of Christ,
you who pass by: Anno 1306.**

This inscription is widely known and marks the beginning of an ancient Latin poem from Pope Gregory's the Great (540-604) Book of Letters. A big crucifix bearing the same inscription was for a long time to be found in the cathedral in Skálholt, South Iceland.

There is obvious discrepancy between the date 1306 and the story of Jón Björnsson who allegedly defeated the monster, Jón being a man of the early sixteenth century, making for a time difference of 200 – 250 years. If the date on the cross is accurate, the cross was erected in Catholic times but nothing can be asserted about its age or origin. The present cross was built by Árni Bóasson from Njarðvík in 2011.